

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Árnesi
804 Selfossi

Garðabær, 12. ágúst 2025
202507-0067/A.B.
08.01

Efni: Umsögn - Tillaga – Breyting á aðalskipulagi Skeiða – og Gnúpverjahrepps - Skógarlundur L236998, skógræktarsvæði, verslunar- og þjónustustarfsemi.

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skeiða- og Gnúpverjahrepps er barst 11. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Náttúruverndarstofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skeiða – og Gnúpverjahrepps 2014-2029 vegna verslunar- og þjónustu í Skógarlundu.

Í greinargerð kemur fram að markmið með breytingunni er að skilgreina nýtt svæði fyrir verslun og þjónustu fyrir uppbyggingu á gistipjónustu ferðamanna. Breytingin tekur til um 41 hektara svæði sem er nú skilgreint sem skógræktarsvæði en verður með breytingunni skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu með allt að 70 gistikofum.

Náttúruverndarstofnun hefur farið yfir ofangreinda breytingu og umhverfismat breytingarinnar og gerir ekki athugasemdir við niðurstöðu hennar.

Fuglalíf

Náttúruverndarstofnun bendir á að hrossagaukur er ábyrgðartegund Íslands og nýtur þar með verndar sem slík, í samræmi við alþjóðlega samninga sem Ísland hefur fullgilt. Stofnunin vill vekja athygli á að samkvæmt vöktun Náttúrufræðistofnunar er fuglategundin undir álagi.¹

Náttúruverndarstofnun bendir á að eyðing búsvæða ábyrgðartegunda skuli metin sérstaklega, og mótvægisáðgerðir lagðar til ef áhrif verða veruleg. Slíkar áðgerðir kunna að fela í sér friðun svæða, endurheimt gróðurs eða að takmarka framkvæmdir yfir varptíma fugla.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur

¹ <https://www.natt.is/is/rannsoknir/voktun-og-rannsoknir/voktun-mofugla>